

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2014.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72/1994, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar og viðurlagaákvæði), 99. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) skila sameiginlegri umsögn og benda á að tilskipun 2010/30 er ætlað að leysa af hólmi eldri tilskipun sama efnis, nr. 92/75/EBE frá 22. september 1992, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 7/94. Tilskipun 92/75/EBE var innleidd hér á landi með lögum nr. 72/1994 en á grundvelli þeirra laga hafa ýmsar tilskipanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, settar á grundvelli heimildar í tilskipun 92/75/EBE, verið innleiddar með reglugerðum hér á landi.

Tilskipun þessi, sem og forveri hennar, er hluti af aðgerðum ESB til að ná markmiðum sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegundum og þ.a.l. einnig hluti af loftslagsstefnu sambandsins. Einnig er með þessum tilskipunum stefnt að umbreytingu í orkumálum sambandsins með því að ýta undir bættu orkunýtni með því að veita neytendum upplýsingar um orkunotkun ýmissa heimilistækja.

Til meðferðar í Alþingi nú er frumvarp til laga um byggingarvörur (54. mál) þar er m.a. gert ráð fyrir CE – merkingu á öllum byggingarvörum m.t.t. einangrunargildi, sbr. 10. gr. þess frumvarps. Sú spurning vaknar hvort verið sé að setja á sama tíma tvö lög um sama efni þar sem ein gætu dugað. Lagt er til að þingnefndin skoði hvort merkingar sem krafist verða á byggingarvörum skv. þeim lögum dugi ekki til að uppfylla kröfur tilskipunar um orkunotkun heimilistækja sérstaklega þar sem í fæstum tilvikum eru það einstakir neytendur sem taka ákvörðun um val á einangrunarefni, gluggum eða öðrum vörum sem hafa áhrif á orkunotkun bygginga. Það eru fyrst og fremst sérfróðir aðilar sem sjá um að velja þær út frá skilgreindum markmiðum m.a. með tilliti til orkunotkunar.

Staða Íslands í orkumálum er gjörólík flestum ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum, en hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er hér mun hærra en almennt gengur og gerist. Þannig er t.d. 99,9% raforkuþörf Íslendinga uppfyllt með raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, hlutfall sem seint verður náð af ríkjum ESB þar sem sambærilegt hlutfall er að meðaltali rétt fyrir ofan 15%. Það sem hins vegar má segja að sé sambærilegt með Íslandi og þessum ríkjum er hlutfall orkugjafa í samgöngum, en umrædd tilskipun tekur hins vegar ekki til samgangna. Í ljósi þessara aðstæðna má að efni tilskipunarinnar hafi takmarkað gildi á Íslandi. Þegar sleppir sérstöðu Íslands í orkumálum stendur eftir það markmið tilskipunarinnar að upplýsa neytendur um orkunotkun vöru. Slíkar samræmdar upplýsingar aðstoða neytendur við að taka upplýsta ákvörðun um kaup á vörum út frá orkunotkun og öðrum eiginleikum. Það stuðlar að almennum orkusparnaði neytendum til hagsbóta sem og minni auðlindanotkun og þar með minni umhverfisáhrifum almennt.

Samtökin leggja ríka áherslu á að það sé gert með eins einföldum hætti og hægt er og að kostnaði fyrirtækja haldið í lágmarki.

Samtökin gagnrýna harðlega opnar eftirlitsheimildir Mannvirkjastofnunartil skv. 9. gr. b. liðar frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu getur stofnunin hvenær sem er og án tilefnis skoðað vörur hjá seljanda, birgðasala eða viðurkenndum fulltrúa hans, tekið sýnishorn af vöru til rannsókna og krafið þá um allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn, svo sem aðgang að skrá yfir þá sem hafa vöruna á boðstólum, skýrslur um prófanir eða útreikninga og tæknileg gögn. Skal birgðasali jafnframt bera allan kostnað af athugun á því hvort vara sé í samræmi við settar reglur, svo sem kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, flutningskostnað, svo og annan kostnað sem er í beinum og efnislegum tengslum við eftirlitið. Birgðasali eða viðurkenndur fulltrúi hans greiðir auk þess allan kostnað af tilkynningum sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum.

Samtökin leggja eindregið til að ákvæði í 9.gr. b. í frumvarpinu um ábyrgð birgðasala verði eins og í 16. gr. frumvarps til laga um byggingarvörur í þingskjali 54. Þar er ákvæðið svohljóðandi: „*Sé vara ekki í samræmi við settar reglur skal hann bera þann kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað.*” Eins og þar verður í því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, að taka fram að einungis sé tekið eitt eintak eða lágmarksfjöldi sem nauðsynlegur er til skoðunar. Bent er á að eðli máls samkvæmt er markaðseftirlit í hverju landi á ábyrgð og kostnað stjórnvalda enda gengið út frá því að allar vörur á markaði uppfylli kröfur. Það er fyrst þegar ágallar koma í ljós sem kostnaður fellur á framleiðendur eða birgðasala eins og þeir eru nefndir í þessum lögum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Sigurður B. Halldórsson, hrl.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Pétur Reimarsson